# EFTIRLITSSKÝRSLA

**Olíudreifing Akranesi**

UMHVERFISSTOFNUN

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Dags eftirlits** | 10.10.2014 | **Fulltrúi UST** | Gottskálk Friðgeirsson | |
| **Fyrirtæki** | Olíudreifing | **Fulltrúi UST** | | |
| **Heimili** | Hólmaslóð 8 - 10 | **Tegund eftirlits** | Reglubundið | |
| **Kennitala** | 6606952069 | **Flokkur** | Olía | |
| **Fulltrúi fyrirtækis** | Gestur Guðjónsson | **ÍSAT nr.** | 63.40 | |
| **Fulltrúi fyrirtækis** | | **Staðsetning** | 350350,973 | 426834,143 |

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekki fundust frávik frá kröfum í starfsleyfi í eftirliti. Ein athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók Olíudreifingar á Akranesi. Farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Skráningar á mánaðarblöð voru í góðu lagi.

Niðurföll í mengunarvarnaþróm tengjast lögnum sem liggja saman um loka við olíuskilju stöðvarinnar. Loki í frárennsli þróa stóð lokaður. Frárennsli olíuskilju var mælt með olíuprófi Macherey-Nagel og stóðst kröfur í reglugerð. Olíuskiljan (VERA-skilja) er þjónustuð eins og tilskilið er.

Fimm geymar eru í stöðinni á Breiðinni og einn tvöfaldur svartolíugeymir við fiskimjölsverksmiðju HB Granda við Hafnarbraut 3A. Allir geymar stöðvarinnar hafa verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum. Fimm lagnir stöðvarinnar hafa verið þrýstiprófaðar á síðastliðnum fimm árum.

Bensín er ekki geymt í stöðinni.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók voru skoðuð.

## ATHUGASEMDIR

Hlífðarkápa (plast) um lagnir hefur sprungið (gatast) á nokkrum stöðum. Sérstaka gát þarf að hafa á þessu þar sem vatn kemst innundir plastkápuna. Tæringarhætta skapast þar sem vatn liggur að stállögnum.

Reykjavík, 07.11.2014

Gottskálk Friðgeirsson

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.